

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti.

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 6. tölul., sem orðast svo:

6. Heimilt er eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða, svo sem matsölustaða og kaffihúsa, að leyfa að komið sé með hunda og ketti inn á veitingastað að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
- Ætíð skal taka mið af hagsmunum gesta og velferð dýranna.
  - Til að upplýsingar um að hundar og kettir séu leyfð á veitingastað séu vel sýnilegar gestum áður en gengið er inn á veitingastað skulu þeir eigendur eða rekstraraðilar sem leyfa að hundar og kettir komi inn á veitingastaði auglýsa það á áberandi hátt á hús-næðinu sjálfu utan dyra sem innan, og á vef hlutaðeigandi fyrirtækis að heimilt sé að koma með hunda og ketti inn á staðinn.
  - Tryggja skal að hundar og kettir séu einungis í veitingasölum veitingastaðar og ekki þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd. Geymsla, undirbúningur og framleiðsla matvæla fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
  - Heilbrigðisnefnd getur sett ítarlegri ákvæði í starfsleyfi, m.a. um mat á áhættu. Heimild skv. 1. mgr. gildir hvorki um mótuneyti né veitingastaði þar sem mæting er ekki valfrjáls og á stöðum þar sem fólk er gert að sækja þjónustu. Þá gildir heimild þessi ekki sé aðstaða veitingastaðar að einhverju leyti sameiginleg með annarri starfsemi eða á stað þar sem óheimilt er að hleypa gæludýrum inn á. Eigendur eða rekstraraðilar veitingastaða sem nýta sér heimild skv. 1. mgr. skulu, með sannarlegum hætti, tilkynna það til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða er jafnframt heimilt að vísa frá viðskiptavinum með gæludýr.

#### 2. gr.

Fylgiskjal 3 með reglugerðinni breytist og er birt með reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laganna. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. október 2017.*

**Björt Ólafsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

**Fylgiskjal 3.**

Óheimilt er að hleypta hundum, köttum og öðrum gæludýrum inn á eftirfarandi staði, nema að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 19. gr.:

Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og sjúkráþjálfun

Skóla og leikvelli

Fangelsi

Íþróttastöðvar, íþróttahús, baðstaði og heilsuræktarstöðvar

Snyrtistofur, nuddstofur, sólbáðsstofur og húðflúrstofur

Samkomustaði, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasali, söfn og kvikmyndahús

Gististaði í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtana-hald

Mötuneyti

Sumarbúðir fyrir börn

Almenningssamgöngutæki

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum.

Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.